

Gunnar Þ. Andersen  
Lyngbrekku 5  
200 Kópavogi

Reykjavík 17. febrúar 2012

## Efni; Fyrirhuguð uppsögn ráðningarsamnings

Ágæti Gunnar,


Vísað er til fundar okkar fimmtudaginn 16. febrúar sl. Eins og fram kom á þeim fundi hefur stjórn Fjármálaeftirlitsins nú til skoðunar að ganga frá starfslokum þínum. Á fundinum og í samskiptum í kjölfar hans var ákveðið að þinni beiðni að fresta málinu til 20. febrúar til að þér gæfist ráðrúm til að gaumgæfa framhaldið. Stjórn FME hefur nú borist bréf Skúla Bjarnasonar hrl. fyrir þína hönd. Af efni bréfsins verður ráðið að þú hefur ekki hug á að hafa samstarf við stjórn FME um lyktir mála. Með því að nú er ljóst orðið að ekki verður af samkomulagi milli FME og þín um starfslok er þér með þessu bréfi kynnt sú fyrirætlan stjórnar FME að segja þér upp störfum sem forstjóra stofnunarinnar. Uppsögnin er með sex mánaða fyrirvara frá næstu mánaðamótum í samræmi við ákvæði ráðningarsamnings þíns. Þá er það jafnframt fyrirætlan stjórnar að lýsa því yfir að ekki verði óskað eftir vinnuframlagi þínu á uppsagnartímanum.


Grundvöllur þessarar fyrirhuguðu ákvörðunar er að stjórn FME telur orðið ljóst að forsendur fyrir áframhaldandi ráðningu þinni séu brostnar. Ljóst er orðið af því sem fram hefur komið af ítarlegum rannsóknum á aðkomu þinni af málefnum Landsbankans á árinu 2001 að þú hefur að mati stjórnar FME átt þátt í aðgerðum sem voru til þess fallnar að villa um fyrir stofnuninni við eftirlit hennar með málefnum bankans.


Ekki þarf að rökstyðja ítarlega hversu óheppileg þessi staða er fyrir starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Eðlilegt er að mjög ríkar kröfur um vammleysi og flekklausan feril séu gerðar til þess manns sem gegnir forstjórastöðu stofnunarinnar. Þá er það jafnframt mat stjórnar FME að eðli þess ágalla sem með þessu er á áframhaldandi ráðningu þinni sé þannig að ekki sé unnt að bæta úr og að ekki sé um tímabundið ástand að ræða eða ástand sem líklegt er að muni lagast með tímanum.

Að þessu öllu samanlögðu telur stjórn FME að ljóst sé orðið að á skorti um starfsgengis-skilyrði þannig að forsendur fyrir áframhaldandi ráðningu þinni séu brostnar og vísar í því sambandi til 6. tl. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Það er erindi þessa bréfs að gefa þér kost á að tjá þig um þessa fyrirhuguðu ákvörðun og koma á framfæri athugasemdum þínum vegna hennar. Með hliðsjón af þeim samskiptum sem á undan eru gengin er þér hér með veittur frestur til þessa til loka dags þann 20. febrúar 2012.

  
Aðalsteinn Lúfsson

  
Ingibjörg Þorsteinsdóttir

  
Arnór Sighvatsson

Skúli Bjarnason hrl.  
Málþing ehf  
Ingólfsstræti 3  
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2012

**Efni: Beiðni um rýmri frest til andmæla vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar stjórnar Fjármálaeftirlitsins**

Vísað er til bréfs þíns frá því fyrr í dag þar sem þú óskar eftir því fyrir hönd Gunnars Þ. Andersen að fá rýmri frest til að koma að andmælum varðandi mögulega ákvörðun stjórnar um að víkja honum frá störfum. Hér með er fallist á að veita Gunnari frekari frest til að koma að andmælum. Stjórnin telur veigamikil rök fyrir því að hafa frestinn í þessu máli ekki mjög langan nú þar sem sú staða er komin upp að öll samskipti aðila eru til opinberrar umfjöllunar. Það ástand er afar erfitt og kann að valda truflun á starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Það er hvorki að frumkvæði né í samræmi við vilja stjórnar að mál þetta sé rekið í fjölmiðum. Auk þess hefur Gunnar á öllum stigum máls frá því að stjórnin tók hæfi hans til skoðunar haft tækifæri til að fylgjast með framgangi þess og verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum og andmælum og leggja fram gögn. Þá skal áréttað að stjórnin hefur ekki tekið ákvörðun um að víkja Gunnari frá störfum heldur er það mál til skoðunar nú og mikilvægt að andmæli hans komi fram áður en ákvörðun er tekin. Því er Gunnari hér með veittur frestur til loka dags fimmtudaginn 23. febrúar nk.

*Gögn málsins*

Afstaða stjórnar byggir á heildstæðu mati á öllum fyrirleggjandi gögnum, þ.m.t. þeim álitserðum sem liggja fyrir og öllum andmælum og athugasemdum sem Gunnar hefur komið á framfæri við skoðun málsins. Þau nýju gögn sem aflað var við gerð álitis Andra Árnasonar frá 12. janúar sl. eru tíunduð í greinargerð hans. Bæði greinargerð Andra frá 12. janúar og greinargerð Ásbjarnar og Ástráðs frá 16. febrúar sl. hafa verið birtar á vef Fjármálaeftirlitsins. Stjórnin gekk út frá því að Gunnar hefði undir höndum þau gögn sem aflað hefur verið í málinu. Ef svo er ekki, er sjálfsagt að afhenda afrit þeirra. Stjórnin hefur ekki aflað annarra gagna en þeirra sem fyrir liggja við gerð framangreindra álitserða.

*Lagaheimild og starfsréttindi*

Stjórnin lýsti því í bréfi sínu frá 17. febrúar sl. að ef til ákvörðunar um uppsögn kæmi, yrði hún byggð á 6. tölulið 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þar er ekki um prentvillu að ræða. Svo sem segir í bréfinu er fram komið í málinu að Gunnar Þ. Andersen hafi á árinu 2001 að mati stjórnar gefið Fjármálaeftirlitinu rangar eða í besta falli villandi upplýsingar. Hann hefur lýst því yfir í andmælum sínum að hann sé enn þeirrar skoðunar að skýrslugjöfin hafi verið rétt. Þetta gefur stjórninni með réttu tilefni til að draga í efa hæfi hans til að sinna starfi forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Tilvitnað ákvæði stjórnsýslulaganna vísar til þess að upp geta komið aðstæður þar sem með réttu megi draga í efa óhlutdrægni starfsmanns. Það er mat stjórnar að sú staða sé uppi í þessu máli að með réttu megi draga í efa hæfi Gunnars í veigamiklum málum sem varða starfsemi stofnunarinnar og þessar aðstæður séu líklegar til þess að draga úr trúverðugleika stofnunarinnar í ákvörðunum sem lúta að eftirliti með aðilum á markaði nú.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Fjármálaeftirlitsins,



Aðalsteinn Leifsson, stjórnarformaður

Stjórn Fjármálaeftirlitsins  
b.t. Aðalsteins Leifssonar  
Höfðatúni 2  
105 Reykjavík.

Reykjavík, 22. febrúar 2012.

**Efni:**

***Andmælaréttur vegna fyrirhugaðrar uppsagnar umbj. míns, Gunnars Þ. Andersen, sem boðuð var í boðsendu bréfi að kvöldi föstudagsins 17. febrúar síðastliðinn.***

Við er til bréfs yðar til undirritaðs, dags. 20. þ.m., sem er svar við bréfi undirritaðs til stjórnarinnar, dagsett sama dag. Bréf yðar hefur því miður ekki að geyma svör nema við litlum hluta af spurningum umbjóðanda míns. Umbjóðandi minn lýsir því yfir að hann telur að veittur þriggja sólarhringa frestur byrji ekki að líða fyrr en fullnægjandi svör hafa borist. Enn er lítt eða ekki svarað neðangreindum spurningum, með einni undantekningu þó:

- 1. Meint ný gögn.** Í gær barst á skrifstofu mína í ómerktu umslagi skjalabunki sem telur 123 blaðsíður, glærukynningar, skýrslur, fundargerðir o.fl. Ekkert fylgibréf var heldur með sendingu þessari. Aðspurður kvaðst sendiboðinn, liðlega þrítug dökkhærð kona, vera frá FME. Staðfesting óskast á því að svo sé. Öll voru þessi gögn kunnugleg og virðast stafa frá rannsókn Andra Árnasonar nr. II. Ekkert var merkt við nein gögn eða gert skiljanlegt með öðrum hætti hvað af þessum gögnum á eða ætti að hafa sett málið í einhvern nýjan farveg. Upplýsingar óskast en umbjóðanda mínum er auðvitað nauðsyn á að vita um þýðingu einstakara skjala. Varla er ætlast til að hann fari að tjá sig í væntanlegu andmælabréfi um 123 blaðsíður hverja fyrir sig. Þetta er auðvitað lykilatriði þar sem ítrekað hefur í seinustu lotu málsins, m.a. í sjónvarpsviðtölum við yður, verið látið að því liggja að einhver ný gögn liggja til grundvallar fyrirhugaðri uppsögn. Ítrekuð er grundvallarkrafa um nákvæma tilgreiningu. Því er á hinn bóginn fagnað að nú liggur ljóst fyrir að Ástráður Haraldsson byggði huglæga mat sitt ekki á neinum nýjum gögnum.
- 2. Málið enn til rannsókna?** Þessari veigamiklu spurningu er enn algerlega ósvarað.
- 3. Lagaheimild.** Því er fagnað að nú liggur ljóst fyrir að fyrirhugaða uppsögn á eingöngu að byggja á stjórnslulögum.
- 4. Vægi lögfræðiálita.** Þessari spurningu er enn algerlega ósvarað. Hún er auðvitað enn áhugaverðari í ljósi þess að Andri aflaði þó sjálfstætt fjölmargra gagna í sinni rannsókn en Ástráður engra.
- 5. Fyrri andmæli Gunnars.** Þessum lið er algerlega ósvarað. Til hvers að andmæla og þá auðvitað einnig nú, þegar andmælin virðast gufa gersamlega upp, ekkert tillit er til þeirra tekið og þeirra ekki einu sinni getið í lokaniðurstöðu. Óneitanlega ber þessi málsmeðferð keim af svokölluðum sýndarréttarhöldum. Það virðist sem svo að þeir Ástráður og Ásbjörn hafi hvorki leitað nýrra gagna né hirt um að kanna sannleiksgildi staðhæfinga umbjóðanda míns um grundvallaratriði þessa máls, þ.e. að fyrir hartnær 11 árum var það niðurstaða ítarlegrar skoðunar að það væri réttara að telja umrædd félög ekki með. Væri þetta skoðað til fulls fellur að sjálfsögðu hinn meinti blekkingarþáttur út og málátilbúnaðurinn hrynur.
- 6. Starfsréttindi.** Ekki er fjallað um réttindi umbjóðanda míns sem embættismanns.


Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið hafa einungis fengist skýr og fullnægjandi svör um lagagrundvöllinn. Þó umbjóðandi minn undrist vissulega svarið er þar þó alltént skýrt svar að

finna. Því ber að fagna. Ítrekuð er hins vegar sú krafa að **öllum** öðrum ofangreindum spurningum verði svarað svo hægt sé að beita lögvernduðum andmælarétti umbjóðanda míns. Það virðist því miður þurfa að minna virðulega stjórn á að umbjóðandi minn er einn af æðstu embættismönnum ríkisins og nýtur réttinda sem slíkur.

Ef mál þetta verður ekki þegar í stað fellt niður og framhald verður þannig á hinni ófagmannlegu og löglausu málsmeðferð sem einkennt hefur það um hríð áskilur umbjóðandi minn sér rétt til þess að láta reyna á það með stjórnslukæru. Skortur stjórnar á boðlegri fagmennsku og lágmarksvirðing hennar fyrir lögboðnum grundvallarreglum og réttindum virðist því miður vera að koma skýrar og skýrar í ljós þessa dagana.

Sú kærumsmeðferð, ef af verður, fyrirbyggir ekki að látið verði reyna á aðra þætti málsins fyrir dómstólum, samhliða eða í kjölfarið, og er allur réttur áskilinn í þeim efnum. Miðaldarréttarfar á Íslandi á 21. öld verður aldrei liðið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Gunnars P. Andersen,



---

Skúli Bjarnason, hrl.

*afrit*  
*Ingibjörg Þorsteinsdóttir*  
*Arnór Sighvatsson*

Stjórn Fjármálaeftirlitsins  
b.t. Aðalsteins Leifssonar  
Höfðatúni 2  
105 Reykjavík.

Reykjavík, 20. febrúar 2012.

**Efni:**

***Andmælaréttur vegna fyrirhugaðrar uppsagnar Gunnar Þ. Andersen, sem boðuð var í boðsendu bréfi að kvöldi föstudagsins 17. febrúar síðastliðinn.***

Fyrir hönd umbjóðanda míns, Gunnars Þ. Andersen, er hér með krafist rýmri frests til andmæla af tveimur ástæðum.

Í fyrsta lagi er fresturinn almennt of stuttur og andstæður meginreglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Umbjóðanda mínum barst tilkynning um hina fyrirhuguðu löglausu uppsögn að kvöldi síðastliðins föstudags, 17. febrúar. Andmælafrestur er því einungis einn virkur dagur í máli af þeim alvarleika sem hér er á ferðinni, en það varðar auðvitað bæði æru og fjárhagslega afkomu umbjóðanda míns. Til hins er og að líta að eftir að stjórn FME afréð einhliða að birta álitserð Ástráðs Haraldssonar lögmanns um mat á hæfi umbjóðanda míns á heimasíðu FME hefur hann mátt þola stanslausan ágang fjölmíðla og hefur ekki notið vinnufriðar. Því verður ekki trúað fyrr en tekið verður á því að stjórnin hafni eðlilegum fresti og geri sig þannig bera að valdniðslu gagnvart umbjóðanda mínum.


Í öðru lagi vantar umbjóðanda minn enn gögn og upplýsingar um nokkur neðangreind grundvallaratriði áður en hann getur tjáð sig heildstætt um málið:

- 1. Meint ný gögn.** Enn er ítrekað látið að því liggja að einhver ný gögn liggja til grundvallar fyrirhugaðri uppsögn. Formaður stjórnar FME hefur a.m.k. í tvígang í viðtölum um helgina lýst því yfir í fréttaviðtölum að svo sé. Vinsamlegast upplýsið undirritaðan með nákvæmum hætti hvað um er að ræða svo hægt sé að tjá sig um gögnin. Rétt er að benda á í þessu sambandi að þegar talað er um ný gögn hlýtur að vera átt við eitthvað sem máli skiptir og sem ekki var vitað um áður og er til þess fallið að varpa nýju ljósi á málið. Fundargerðir þær sem aflað var í næst síðustu rannsókn Andra Árnasonar lögmanns á hæfi umbjóðanda míns, fullnægja auðvitað ekki þessum kröfum svo dæmi sé tekið. Það er **alger grundvallarkrafa** að menn hætti að fara eins og köttur í kringum heitan graut í þessum efnum; **vinsamlega upplýsið nákvæmlega á hvaða nýjum gögnum er byggt** og látið ljósrit skjalsins fylgja.
- 2. Málið enn til rannsókna?** Formaður stjórnarinnar lýsti því yfir í útvarpsviðtali á RÚV og víðar á laugardaginn að málið væri enn til rannsókna. Vinsamlegast upplýsið af eða á hvort það sé rétt eða rangt. Ef það er rétt óskast haldbærar skýringar á því hvernig er hægt að boða uppsögn með löglegum hætti meðan rannsókn er ekki lokið.
- 3. Lagaheimild.** Í hinu tilvitnaða bréfi stjórnar frá laugardeginum er vísað til 6. tl. 3. gr. stjórnarsýslulaga 37/1993 sem lagaheimildar fyrir uppsögninni. Eins og kunnugt er fjallar tilvitnuð lagagrein um sérstakt vanhæfi í einstökum málum sem getur orðið þess valdandi að viðkomandi stjórnvald þarf að segja sig frá afgreiðslu tiltekins máls. Gerð er krafa um að upplýst verði hvort hér er um innsláttarvillu er að ræða og ef svo er óskast upplýst á hvaða lagaheimild hugmyndin er að byggja uppsögnina á komi til hennar.

4. **Vægi lögfræðiálita.** Vinsamlegast upplýsið hvað ræður því að svo virðist sem fyrirhugað sé að gera álit Ástráðs Haraldssonar hærra undir höfði en tveimur lögfræðiálitum Andra Árnasonar. Af hverju er það marktækara, byggir hann á öðrum eða nýjum gögnum, hverjum og þá hvernig? Er um að ræða virtari eða trúverðugri lögmann? Nauðsynlegt er að fyrir liggja hvað liggur til grundvallar vali stjórnar á lögfræðiáliti þannig að hægt sé að andmæla forsendum þess að gert er upp á milli álita með þessum hætti. Af hverju var t.a.m. álit Ástráðs sett á heimasíðu FME en hvorugt álit Andra Árnasonar?
5. **Fyrri andmæli Gunnars.** Í andmælabréfi umbjóðanda míns við drögum að álit Ástráðs var fullyrt að margumrædd skýrslugjöf til FME í júní 2001 hafi verið rétt og eru tilfærð 5 númeruð atriði því til stuðnings. Það skiptir auðvitað höfuðmáli að upplýsa hvort þetta var gert svona af því að menn töldu að þannig ætti að gera það, það væri einfaldlega réttara, eða hvort meðvitað var verið að reyna að blekkja FME. Í lokaskýrslu lögmannsins er ekkert gert með neinn þessara punkta utan eins sem er lauslega getið. Þar sem það verður ekki ráðið af skýrslu lögmannsins hvort eða hvernig þetta var skoðað óskast upplýst frekar um það. Meðan ekkert frekara liggur fyrir verður að telja að það sé ósannað að reynt hafi verið „að villa um fyrir stofnuninni“ eins og fullyrt er í tilvitnuðu bréfi sem umbjóðanda mínum barst sl. föstudag. Hér eru á ferðinni grafalvarlegar ásakanir sem enginn fótur er fyrir. Umbjóðandi minn hefur marglýst því hvernig að undirbúningi skýrslugjafar var staðið, en það er því miður eins og enginn vilji sé til að leiða hið sanna í ljós, niðurstaðan hafi m.ö.o. verið ákveðin fyrirfram.
6. **Starfsréttindi.** Ekki verður annað ráðið af tilvitnuðu bréfi um væntanlega uppsögn en að horft sé gersamlega fram hjá þeirri staðreynd að umbjóðandi minn er embættismaður og nýtur lögkjara og réttinda sem slíkur hvað sem líður einstökum ákvæðum ráðningarsamnings. Hver er afstaða stjórnar til þessa þáttar? Er ætlunin að fótum troða eða virða lögboðinn rétt umbjóðanda míns?

Hér að framan hafa verið settar fram 5 einfaldar spurningar sem nauðsynlegt er að fá skýr svör við áður en hægt verður að beita raunverulegum andmælarétti. Andmælaréttur út í loftið án þess að hafa fengið fram málsástæður gagnaðila er auðvitað einskis virði. Það er ekki hægt að andmæla fyrr en fyrir liggur á hverju er byggt, en þó fyrst og fremst að fá um það skýr og afdráttarlaus svör **hvaða ný gögn í málinu liggja nú fyrir.** Þetta hlýtur að vera hinn einfaldi kjarni þessa máls. Það getur ekki verið til mikils mælst að ábyrgir stjórnarmenn, tveir háskólakennarar, þar af annar lögfræðimenntaður og aðstoðarseðlabankastjóri, hætti að tala í véfréttastíl.

Virðingarfyllst,  
f.h. Gunnars Þ. Andersen,

  
Skúli Bjarnason, hrl.

afrit  
Ingibjörg Þorsteinsdóttir  
Arnór Sighvatsson